



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 26. október 2023
1902075 JKH

00.0

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028, 315. mál.

Sjóvarnir

Fyrir hönd Suðurnesjabæjar er eftirfarandi athugasemdum komið á framfæri vegna samgönguáætlunar 2024-2038. Um leið er hvatt til þess að tekið verði meira tillit til óska Suðurnesjabæjar um framlög úr ríkissjóði í sjóvarnir og litið verði til þeirra brýnu verkefna sem komið var á framfæri við Vegagerðina í september 2022 með óskum um að sett yrði á samgönguáætlun.

Þakka má þó fyrir þau takmörkuðu framlög sem gert er ráð fyrir í þessum drögum en þörf er á umtalsvert mikið meira fjármagni í áætlaðar sjóvarnir sem miða að sjávarflóðavörnum eins og kom fram í tillögum Suðurnesjabæjar sem sendar voru til Vegagerðarinnar. En einungis sex af 17 verkefnum sem óskað var eftir að sett yrðu á áætlunina skiluðu sér og eru tilgreind í þessum drögum. Hluti þeirra verkefna sem tekið var tillit til og skiluðu sér inn í áætlunina eru einnig skorin niður og takmörkuð og verða því ekki full unnin skv. þessum drögum.

Á árunum 2021 og 2022 vann Verkfræðistofan Efla, að beiðni Suðurnesjabæjar, greiningu á helstu flóðasvæðum í sveitarfélaginu þar sem öll strandlína sveitarfélagsins, um 30 km, er greind. Niðurstöður greiningarinnar veitir mikilvægar upplýsingar sem unnt er að byggja á við ákvörðun um mótvægisáðgerðir og við forgangsröðun verkefna er snúa að sjóvörnum í sveitarfélaginu.

Þessi gögn veita Suðurnesjabæ góða innsýn inn í mikilvægi framkvæmda og forgangsröðun þeirra. Greiningin veitir einnig mjög góða innsýn inn í það mikla landrof sem á sér stað í sveitarfélaginu sem afar mikilvægt er að bregðast við með mótvægisáðgerðum.

Þau gögn eru nýtt til forgangsröðunar á óskum Suðurnesjabæjar á verkefnum sem lagðar eru fyrir í samgönguáætlun. Suðurnesjabær byggir því óskir sínar á verkefnum í samgönguáætlun á vel ígrunduðu máli byggt á rökstuðningi. Engu að síður skila þau verkefni sér ekki nema að litlu leyti inn á áætlunina eins og sjá má á þessum drögum sem kynnt eru hér.

Það sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við hér er hversu seint brugðist er við þeim vandamálum sem uppi eru. Ekki er ráðist í áðgerðir nema augljóst sé að mannvirki eða munum stafi brýn hætta af. Ekkert tillit er tekið til t.d. landrofs eða landbrots sem er mikið vandamál í Suðurnesjabæ en ekki er tekið tillit til né brugðist við því af hálfu Vegagerðarinnar (ríkisins) né ráðist í fyrirbyggjandi áðgerðir. Það er ekki fyrr en landbrotið er orðið það mikið að það er farið að nálgast hús eða önnur mannvirki



SUÐURNESJABÆR

(t.d. vegi) að farið er að huga að ráðstöfunum þó svo að augljóst hafi verið mögulega um langt skeið í hvað stefnir.

Út frá þeirri augljósu þróun sem á sér stað varðandi loftslagsbreytingar á sjávarflóð og fyrirsjáanlegar auknar breytingar til framtíðar er deginum ljósara að nauðsynlegt er að ráðast í mun umfangsmeiri varnir gegn sjávarflóðum en nú er gert ráð fyrir í sjóvarnaáætlun samgönguáætlunar. Samkvæmt tillögu að samgönguáætlun sem kynnt er hér er áætlað framlag ríkisins til sjóvarna á landinu öllu um 150 milljónir króna á ári. Það er augljóst að sú fjárhæð dugar skammt ef ráðast á í nauðsynlegar varnir gegn sjávarflóðum til að verjast ágangi sjávar. Þörf fyrir varnir gegn sjávarflóðum með ströndum Suðurnesjabæjar er með þeim hætti að í raun þyrfti að nýta alla þessa fjárhæð bara í því sveitarfélagi á ári til að byggja upp nauðsynlegar varnir gegn sjávarflóðum. Það er til dæmis augljóst að ágangur sjávar og þau sjávarflóð sem orðið hafa undanfarin ár veldur landeyðingu með landbroti og mikilvægt að vinna gegn þeirri þróun með sjóvörnum. Víða um land eru nauðsynlegar aðgerðir til að vinna gegn landeyðingu með uppgræðslu og öðrum aðferðum, til þess að vernda landið og landslag. Sömu sjónarmið ættu að vera uppi um varnir gegn landeyðingu við sjávarstrendur.

Það má færa rök fyrir því að sjóvarnaáætlun eigi ekki samleið með vegum, höfnum og flugvöllum í samgönguáætlun enda eru sjóvarnir ekki beint tengdar samgöngum með sama hætti. Færa má rök fyrir því að varnir gegn sjávarflóðum séu að mörgu leyti sambærilegar við varnir gegn ofanflóðum, enda hvort tveggja náttúruvá. Nefna mætti hættu af hraunflóðum í sömu andrá. Að þessu sögðu má færa rök fyrir því að fjármögnun varna gegn sjávarflóðum ætti að vera með svipuðum hætti og varnir gegn ofanflóðum og lúta svipuðum lögmálum. Það er einfaldlega staðreynd að samfara áhrifum af loftslagsbreytingum verður aukin hætta á sjávarflóðum til framtíðar. Það er því ósk Suðurnesjabæjar að sjóvarnaáætlun verði tekin út úr samgönguáætlun og sjávarflóðavarnir skilgreindar með sama hætti og ofanflóðavarnir. Þau verkefni sem tilgreind eru fyrir sjóvarnir í Suðurnesjabæ í núverandi drögum að samgönguáætlun eru eftirfarandi.

Nr.	Suðurnesjabær	2024		2025		2026		2027		2028	
		Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.	Kostn.	Fjár.
1	Við sjávargötu (norðan við Jórúkleif) (170 m.)	15,2	13,3								
2	Norðurkotstjörn, endurbýgging og lenging suðurs (60+60 m.)			15	13,1						
3	Nesjar, norðan við Lönd (350 m.)			33,6	29,4						
4	Hvalsnes við Nýlendu (350 m.)									15	13,1
5	Norðurkot, við Fuglavík (300 m.)									29,9	26,2
6	Garðskagi hækkun og endurbýgging, 2. áfangi (400 m.)									18,7	16,4



SUÐURNESJABÆR

Óskað er eftir að verkefni nr. 4 Hvalsnes við Nýlendu verði fært frammar í forgangsröðun og fram á árið 2024. Í ljósi ný liðinna atburða er að auki óskað eftir að bætt verði við þetta verkefni og það stækkað úr þeim 350 m. sem nú er áætlað í 820 m. Sá viðauki mun draga verulega úr líkum flóðum eins og gerðust helgina 9. og 10. september síðastliðinn. Um er að ræða afar brýnt verkefni sem afar mikilvægt er að brugðist verði við. Í ljósi nýliðinna atburða þar sem flóð fór nærri kirkjugarði og aðkomuvegi má sjá að þörfin er brýn á þessum stað. Að auki er óskað eftir að verkefni nr. 6 „Garðskagi“ verði bæði stækkað og fært frammar í röðina þannig að það verði framkvæmt ekki seinna en árið 2025. Í verkefni nr. 1 „Við sjávargötu“ er gert ráð fyrir sjóvörn á 170 m. kafla. Í áætlun frá Suðurnesjabæ er óskað eftir vörn á 470 m. kafla til að bregðast við landbroti og til að sporna við hættu á tjóni á mannvirkjum sem munu skapast síðar verði ekkert að gert. Óskað er eftir að þessi kafla verði stækkaður úr 170 m. í 470 m.

Vegagerðin hefur í fórum sínum óskir frá Suðurnesjabæ frá því í október 2022 um verkefni sem tilgreind verði á samgönguáætlun. Suðurnesjabær gerir athugasemdir við að ekki séu fleiri verkefni tilgreind ásamt því að dregið er úr umfangi verkefna sem skila sér í þessi drög. Suðurnesjabær óskar eftir að þessi verkefni verði endurskoðuð með það að markmiði að fjölga þeim ásamt að auka umfang þeirra eins og óskað var eftir. Eigi það að verða mögulegt þarf að auka við fjármagn málaflokksins. Í áætluninni má sjá að engin verkefni eru fyrirhuguð á árunum 2026 og 2027. Því er óskað eftir að bætt verði við verkefnum inn á þau ár skv. áætlun Suðurnesjabæjar.

Á 127. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar þann 13. september 2023 var eftirfarandi bókað og sett fram hér til stuðnings því sem óskað er eftir hér á undan.

Bókun fundar:

Í ljósi þess að búast má við sjávarflóðum mun tíðar en áður vegna veðurskilyrða og hækkandi sjávarstöðu er mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari auknu náttúruvá með tilheyrandi hætti. Sjávarflóð og varnir vegna þeirra skipta æ meira máli í sjávarbyggðum eins og í Suðurnesjabæ þar sem landbrot og tjón hefur verið töluvert þegar sjór hefur gengið á land. Nýlegt dæmi um þetta eru þau sjávarflóð sem gengu yfir stóran hluta Suðurnesjabæjar nú í byrjun september. Sjávarflóð eru ein tegund af náttúruvá sem við búum við hér á landi, mikilvægt er að bregðast við þessari vá á sama hátt og t.d. ofanflóðahættu þar sem góðar varnir skipta höfuðmáli til að lágmarka líkur á neikvæðum áhrifum á samfélagið.

Greiningar á sjóvörnum, flóðahættu og landrofi Suðurnesjabæjar gefa skýr merki um þörfina á bættum sjóvörnum í Suðurnesjabæ. Verkefni sem Suðurnesjabær telur forgangsverkefni á næstu árum og skilað var inn við vinnslu samgönguáætlunar, skila sér ekki eða þá af takmörkuðu leiti inn í þá samgönguáætlun sem nú er aðgengileg í samráðsgáttinni.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar krefst þess að stjórnvöld bregðist skjótt við og tryggi viðunandi fjármögnun til sjóvarna hið fyrsta.

Sandgerðishöfn

Suðurnesjabær hefur miklar áhyggjur af ástandi syðri grjótnagarðs Sandgerðishafnar. Það eru augljós merki þess að garðurinn hafi sigið, gliðnað og veikst. Afleiðingarnar eru að sjór flæði gegnum garðinn og dregur með sér efni inn í höfnina með auknum ágangi sjávar. Það orsakar tjón á flotbyggjum og bátum ásamt að valda alvarlegum skemmdum á mannvirkjunum. Samkvæmt núv. tillögu um samgönguáætlun er gert ráð fyrir þessari framkvæmd árið 2028. Í ljósi ástands garðsins er ljóst að þessi framkvæmd þarf að koma til miklu fyrr sem dregur úr hættu á mun stærri og kostnaðarsamari framkvæmdum síðar.



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabær óskar eftir að verkefnið „Syðri grjótvarnargarður og vegur“ verði fært frá árinu 2028 á árið 2024. Ásamt því er óskað eftir að það verkefni verði endurmetið og kostnaðaráætlun verði uppfærð í raunhæft horf.

Framundan eru kostnaðarsamar framkvæmdir í Sandgerðishöfn eins og annarstaðar á landinu er snúa að orkuskiptum og mikilvægt, samkvæmt markmiðum varðandi umhverfislega sjálfbærar samgöngur, að gert verði ráð fyrir fjárstuðningi til þeirra framkvæmda.

Vegagerðin – Vetrarþjónusta

Mikilvægt er að vetrarþjónusta verði eflod og að tengingar á milli þéttbýliskjarna verði þjónustaðar alla daga vikunnar. Á veturnum þegar veður er afleitt með snjó og skafrenningi skapast afleitar aðstæður í Suðurnesjabæ með ófærð og takmarkaðri snjóhreinsum af hálfu Vegagerðarinnar.

Vegir að og í gegnum báða bæjarkjarnana eru á forsjá Vegagerðarinnar ásamt vegi á milli bæjarkjarnanna og vegi sem liggur í gegnum Stafnes frá Hafnarvegi að Strandgötu í Sandgerði.

Stofnvegir sem liggja í gegnum þéttbýlið, Garðbraut í Garði og Strandgata í Sandgerði, flokkast sem þjóðvegir í þéttbýli og er á forsjá Vegagerðarinnar sem sér bæði um viðhald þeirra vega ásamt snjómokstri og hálkueyðingu.

Í Suðurnesjabæ eru engir opinberir viðbragðs- eða þjónustuaðilar staðsettir. Þannig er engin heilsugæsla, ekki vaktstöð lögreglu og enginn viðbúnaður af hálfu slökkviliðs eða sjúkraflutninga.

Íbúarnir búa hins vegar að öflugum björgunarsveitum í báðum byggðakjörnum auk þess sem starfsmenn sveitarfélagsins leggja jafnan mikið af mörkum við að halda ástandi í góðu horfi við svona aðstæður.

Sem dæmi um afleiðingar sem af þessu skapast er að bæði Garður og Sandgerði hafi verið einangruð byggðarlög að einhverju eða öllu leyti í 2-4 sólarhringa, og þörf hefur verið á að nota snjóbil til að tryggja að mögulegt væri að veita lágmarks heilbrigðisþjónustu í bráðatilfellum og hægt væri að sækja sjúklinga í sveitarfélaginu.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Suðurnesjabæ er staðsett sunnar í landinu en Suðurnesjabær. FLE er í hæsta forgangslista Vegagerðarinnar er varðar snjóhreinsum. Þegar álag er mikið eru öll tæki Vegagerðarinnar nýtt á Reykjanesbraut að flugstöð. Á þeim tímum eru leiðirnar sem liggja til Sandgerðis og Garðs ekki hreinsaðar.

Suðurnesjabær óskar því eftir að Suðurnesjabær verði færður ofar á forgangslista Vegagerðarinnar er varðar vetrarþjónustu.

Þegar þróun kostnaðar við vetrarþjónustu er skoðaður þá kemur í ljós mikil hækkun á launum og eldsneytiskostnaði ásamt auknum fjármagnskostnaði síðustu ár. Á sama tíma virðist sem lítil eða engin breyting hafi verið á því fjármagni sem ríkið áætlar til vetrarþjónustu. Þessi aukning á kostnaði en óbreytt fjármögnun dregur væntanlega út getu Vegagerðarinnar til að sinna þessum málaflokki með nægjanlegum hætti. Því er mikilvægt að tryggja nægja fjármögnun vetrarþjónustu til lengri tíma ásamt að fjármögnun fylgi verðlagi hvers tíma.

Vegagerðin, samgöngubætur

Suðurnesjabær óskar eftir að verkefnið Strandgata í Sandgerði verði bætt við á áætlunina. Um er að ræða sameiginlegt verkefni Suðurnesjabæjar og Vegagerðarinnar sem byrjað var á 2005 en stöðvaðist og var frestað árið 2008. Um er að ræða lokaáfangna þess verks. Suðurnesjabær hefur ítrekað lagt fram ósk um áframhald á þessu verki til Vegagerðarinnar.


Suðurnesjabær óskar eftir að verkefnið Stafnesvegur verði bætt við á áætlunina. Um er að ræða verk sem var á áætlun Vegagerðarinnar en var breytt og frestað. Einn áfanginn af þessu verkefni er breikkun vegarins að Skerjahverfi í Sandgerði, sem er nýtt íbúðahverfi og óskað er eftir að Vegagerðin vinni í samráði við Suðurnesjabæ.



SUÐURNESJABÆR

Vegagerðin hafði áform um lagfæringu og breikkun vegarins Garðskagavegur (45-03), milli Garðs og Sandgerðis og var verkefnið á áætlun Vegagerðarinnar. Þetta verkefni er ekki í þessari samgönguáætlun, þótt svo ljóst sé að mikil þörf sé til staðar. Suðurnesjabær óskar eftir að því verkefni verði bætt inn á þessa samgönguáætlun eins og Vegagerðin hafði áður áætlað og gert ráð fyrir.

Virðingarfyllst,


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri

